

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um tí-* **168**
undarlögin. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, í 30. okt.
brjefi frá 25. þ. m. um fyrirspurn hreppstjórans í Hvítársíðuhreppi, Salómons Sigurðsson-
ar, hvort tíundarlögunum frá 12. júlí þ. á. verði beitt á haustþingum þessa árs, vil jeg
þjónustusamlega tjá yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að það er
hvorttveggja, að áminnt lög ekki hafa náð gildi, fyr en 28. þ. m., eða eptir að haust-
hreppaþingin, er halda skal á tímabilinu frá 1.—20. þ. m., eru um garð gengin, enda
ákveða lögin að telja skuli fram til tíundar á vorþingum, en á haustþingum ber að eins
að lagfæra vorframtalið, að svo miklu leyti sem þörf er á. Af þessu leiðir beinlínis, að
áminntum lögum verður ekki beitt með tilliti til framtalsins, fyr en á vorþingum 1879.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* **169**
— Í brjefum frá 17. og 29. september þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi í tilefni af 4. nóv.
3 bóнарbrjefum, sem komið hafa til yðar, lagt það til, að úr viðlagasjóði verði lánað
með nánar tilteknum skilmálum 800 kr. Kálfs holts prestakalli, til að fullgjöra nýja tím-
urkirkju, allt að 1200 kr., Reykholts prestakalli, til að framkvæma jarðabætur á túni
prestsetursins og 3000 kr. hjeraðslækni í 14. læknishjæði, Þorvarði Kjerulf.

Fyrir því læt jeg ekki hjálíða til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjón-
ustusamlega að tjá yður þetta: Í brjefi frá 25. júlí þ. á gerðuð þjer, herra landshöfð-
ingi, þá bráðabirgðaráætlun, að hinn vaxtalausí afgangur viðlagasjóðsins við árslok 1877
myndi vera um 84000 kr.; en aptur á móti sjest það af reikningi þeim, sem hingað
var sendur 20. ágúst næst á eptir, yfir tekjur og gjöld Íslands árið 1877, að nefnd
upphæð hefir í raun rjettri að eins verið 74,901 kr. 64 aur. Af þessari upphæð er
með hliðsjón af áminntri bráðabirgðaráætlun varið 39,039 kr. 48 aur. til að kaupa fyrir
42,800 kr. í konungl. skuldabryfum í viðbót við innritunarskirteini viðlagasjóðsins, og
þar að auki hafa verið á árinu, eins og viðlögð uppteiknun sýnir, smámsaman leyfð lán
úr viðlagasjóði, samtals 36,350 kr. Þó ganga megí að því vísu, að lán þessi verði ekki
öll útborguð á yfirstandandi ári, verður þó að hafa peninga á reiðum höndum í því
skyni, og með því það jafnvel er mjög vafasamt, hvort fje það, sem ætlað er, að verði
umfram frá fjárhagsárunum 1878 og 79, eða hjer um bil 40,000 kr. muni nægja til
þess að borga með þeim hin miklu gjöld, sem eru fyrir hendi næstkomandi ár, t. a. m.
til að endurbyggja dómkirkjuna og til að stofna gagnfræðaskóla á Möðruvöllum o. fl., á-
lítur ráðgjafinn það ógjörning um sinn að veita ný lán úr viðlagasjóði.

Að því er snertir lán það, er Þorvarður hjeraðslæknir Kjerulf biður um, læt
jeg ekki undanfalla að leiða athygli yðar að því, að það vantar skýrslu um, til hvers
hann ætli að verja láninu og um ástæðurnar til þess, að óskað er eptir, að það verði
veitt með öðrum endurborgunarkjörum en þeim, er venjulega eiga sjer stað.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um próf í læknisfræði* **170**
— Í tilefni af bóнарbrjefi kandid. philos. Pjeturs Jónssonar, sem hingað var sent með 6. nóv.
þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi frá 15. f. m., og þar sem beiðandinn, með
því honum samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 13. apríl þ. á. hafði verið neitað um að verða
tekinn aptur inn í læknaskólann í Reykjavík, beiðist þess, að sjer verði veitt leyfi til á
sumri komanda, að ganga undir próf við nefndan læknaskóla, vil jeg til þóknanlegrar